



Guðmundu S. Kristinsdóttur.


Frá Unuhúsi til Áttunda strætis



Kyrralífsmýnd Verk frá árinu 1973 eftir Louisa Matthíasdóttur.

Listasafn Reykjavíkur Kjarvalsstaðir

Louisa Matthíasdóttir (1917-2000) og Nína Tryggvadóttir (1913-1968) eru meðal fremstu listamanna tuttugustu aldarinnar hér á landi. Á fimmta áratug aldarinnar stunduðu þær báðar myndlistarnám í skóla Hans Hofmann í New York, ásamt fleiri nemendum. Sýningin hefur verk þeirra Nínu og Louisu í forgrunni, einnig verk frá því fyrir stríð þegar báðar voru tíðir gestir í Unuhúsi, en þar má einnig sjá verk eftir aðra nemendur Hans Hofmann. Á sýningunni verða meðal annars verk eftir listakonurnar sem ekki hafa verið sýnd opinberlega áður og leitast er við að gefa mynd af þróun þeirra á listferlinum.



Rannsókn Olga leggur safnið undir rannsókn á lífinu.



Skúlpúr eftir Jónínu Sýningin er samtal tveggja kynslóða.

Vættir Jónínu og maddömmur Guðnýjar

Hafnarborg

Jónína Guðnadóttir (1943) er þekkt fyrir verk sín sem byggjast á grunni leirlistar. Allt frá því á sjöunda áratugnum hefur Jónína verið ein af frumkvöðlunum í vinnu sinni með leir sem frjálst listform. Sýning hennar heitir Vættir og vísar aftur í tímarnafnt og til samtímans. Guðný Guðmundsdóttir býr og starfar í Berlín, hún vinnur með samspil stórra teikninga, skúlpúra og rýmis í sýningunni Madame Lemonique & Madame Lemonborough. Sýningar þeirra eru valdar með það í huga að skapa samtal tveggja kynslóða sem mótaðar eru af ólíkum tíðaranda, hér kristallast það sem virðist vera þema vorsýninga í myndlistinni í ár.

Í húsi sársaukans


Listasafn Reykjanesbæjar

Olga Bergmann hefur á undanförunum árum vakið verðskuldaða athygli fyrir list sína sem stundum minnir á rannsóknarstofu vísindamanns. Hér sýnir hún myndbandsverk, skúlpúra og fundna hluti og leitast í verkum sínum við að skoða og rannsaka hvað það er sem gerist þegar lífið tekur óvænta stefnu, hvort sem um er að ræða líf heils samfélags eða einstaklinga.


Möguleikar

Listasafn Reykjavíkur Hafnarhús

Í Hafnarhúsi við Tryggvagötu sýna myndlistarkonur sem hlotið hafa viðurkenningu úr Listasjóði Guðmundu R. Kristinsdóttur. Þetta eru þær Ólöf Nordal, Finna Birna Steinson, Katrín Sigurðardóttir, Gabriela Friðriksdóttir, Sara Björnsdóttir, Þóra Þórisdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir og Hulda Stefánsdóttir. Á sýningaropnun hinn 28. maí bætast tvær konur í hóp verðlaunahafa. Listasjóðurinn var stofnaður árið 1997 þegar Erró gaf andvirði íbúðar sem Guðmundu frænka hans arfleiddi hann að, en markmið sjóðsins er að styrkja konur sem skara fram úr á myndlistarsviðinu. Þær sem taka þátt hafa allar getið sér gott orð í myndlistinni, hópurinn er afar fjölbreyttur og má ætla hið sama um sýninguna.



Minnimáttarkenndarbakterían Verk Gabrielu Friðriksdóttur, en hún er í þeim hóp kvenna sem hlotið hafa viðurkenningu úr Listasjóði Guðmundu R. Kristinsdóttur.



Ádella Hulda fjallar iðulega á gagnrýninn hátt um samfélagið í verkum sínum.

Lágmyndir Huldu Hákon

Listasafn Akureyrar

Á Akureyri er einkasýning Huldu Hákonardóttur. Hulda hefur frá upphafi ferils síns vakið athygli fyrir sérstaka sýn á hversdagslegt umhverfi, en flestir þekkja bæði mannamyndir hennar og myndir af skrímslum og fuglum. Lágmyndir Huldu eru byggðar á lunknum tengslum orða og mynda, Hulda er sagnakona. Meðal verka á sýningunni er hluti myndar af íslensku þjóðinni eins og hún leggur sig, aðrir hlutar verða sýndir í Reykjavík og í Vestmannaeyjum. Auk þess sýnir Hulda verk frá síðustu tveimur áratugum, þetta er því einstakt tækifæri til að kynna list hennar.

um toga, þar sem listamennirnir setja sjálfa sig í aftursætið til að vekja athygli á ákveðnu málefni en hér er treyst á samvinnu bæði listamanna og áhorfenda. Vart þarf að taka fram að aðstandendur listamannahússins StartArt sem stendur fyrir gjörningnum eru allir konur, en vert að geta þess að þeir listamenn sem taka þátt eru af báðum kynjum.

Konur í galleríum og opinberu rými

Auk þeirra sýninga sem sagt er frá í römmunum á þessum síðum má nefna að í Gallerí i8 opnar Hrafnhildur Arnardóttir, sem býr og vinnur í New York, einkasýningu. Í Gallerí Ágúst opnar Guðrún Gunnarsdóttir sýningu sína, í Listasafni ASÍ stendur yfir sýning Þóru Sigurðardóttur og Sólrúnar Sumarliðadóttur og síðan tekur Aðalheiður Valgeirsdóttir við. Á vegum Listahátíðar sýnir norska listakonnan Marit Benthe Norheim skúlpúra á götum Reykjavíkur, undir titlinum Campingkvinner. Framlag Natalie Jeremijenko til Listahátíðar er síðan mjög áhugavert en hún er ýmist kölluð hugmynda listamaður, nýsköpunarkona eða hönnuður. Hún vinnur verk sín í sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur, við Reykjavíkurtjörn og víðsvegar um borgina. List þessara tveggja, Norheim og Jeremijenko fylgir þeim straumum í listum sem nefndir voru hér að ofan, þar sem þátttaka listamannsins í samfélaginu er rauður þráður.

Af ofantöldu er ljóst að í myndlistinni er mikið kvennavor í ár. En sé það svo að list kvenna blómstri hugsanlega á erfiðum tímum og að þær séu eftirsóttar til sýningarhalds, má líka spyrja sig að því hvað gerist þegar betur árar. Það er því eins gott að grípa gæsina á meðan hún gefst og nota tækifærið til að efla okkur konum dug og dáð.